

Gert er nýtt deiliskipulag fyrir leikskóla á Fossvogsbletti en innan svæðisins er gert ráð fyrir nýjum leikskóla innan Fossvogsblettis 2 og Fossvogsblettis 2a og að rífa tvö sumarhús innan hans.


Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er reiturinn sem breytingin nær til skilgreindur sem OP24 Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar. Fossvogi en þar segir að samspil viðkomandi ræktunarstöðva við nærliggjandi útivistarsvæði verður ákvarðað í deiliskipulagi. Í kafla 4. Samfélagsþjónusta segir að hún geti verið heimil á opnum svæðum (OP) ef gerð er grein fyrir henni í hverfis- og/eða deiliskipulagi.

Deiliskipulagið nær til svæðis sem liggur sunnan- og vestan til í Fossvogsdal, afmarkast af Fossvogsvegi í norðri, götunni Sólarleið í vestri og suðri, en í austri af línu sem áður var milli Fossvogsbletts 2 og 3, Á svæðinu er töluvert af gróðri. Mest áberandi eru grenitré í vestur hluta svæðisins sem liggur að Svartaskógi raðir af öspum annars vegur um miðju svæðisins. Trjágróðurinn virðist ekki hafa verið grísaður og því trén hafa víða vaxið of þétt

A síðari hluta 19. aldar hófu Bæjaryfirvöld Reykjavíkur að úthluta erfðafestulöndum til að hvetja til aukinnar ræktunar og mjólkurframleiðslu í nálægð við þéttbýlið. Á millistríðsárunum var fyrstu erfðafestulöndunum úthlutað í Fossvoginum . Á Fossvogsbletti 2 hóf Hermann Jónasson ráðherra trjáráekt. Samkvæmt gróður úttekt hefur felst mest gildi í greninu sem liggur að Svartaskógi og rennur saman við hann.

Gerð hefur verið húsakönnun fyrir deiliskipulagsbreytingu þar sem húsinn Fossvogsblettur2 og Fossvogsblettur 2A standa á opnu svæði. Innan svæðisins standa tvö íbúðarhús ásamt tveimur geymslum. Íbúðarhúsin eru ekki friðlýst og falla ekki undir lög um menningarminjar (80/2012) vegna aldurs. Húsin ásamt gróðri á lóðinni bera sögu erfðafestulanda í Reykjavík vitni.

Um er að ræða uppbyggingu reitar sem er í jafri byggðar við útivistarsvæði, reiturinn var áður byggður en innan hans er töluvert af gróðri. Um er að ræða meiri byggingarmagn en áður var innan reitsins. Mikilvægt er að passa upp á ásynj svæðisins og því er sett kvöð um gróður við Fossvogsvæg og hverfisvernd gróðurs innan reitsins með gresi sem liggur að Svartaskógi. Fjarlægðir eru hús sem hafa miðlungs verðveislugildi en þau ásamt nánasta umhverfi sínu og gróðri, vitnisburður um eldri sögu svæðisins.



Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann 4. október 2023 og í borgarráði _____ þann 12. október 2023

Tillagan var auglýst frá 26. júní 2023 með athugasemdafresti til 7. september 2023.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í
B-deild Stjórnartíðinda þann 16. febrúar 2024

Eftirfarandi breyting hefur verið gerð á skipulagsuppdrætti
eftir auglýsingu:
Bílastæðum og byggingarreit B2 hefur verið hliðrað lítilllega
til suðurs svo koma megi fyrir trjágróðri við Fossvogsveg.